

Mál nr. 309/2015
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Tjón á bifreið vegna áaksturs á steiptan kant 7. maí 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. ágúst 2015 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 15. september 2015.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M ók bifreið sinni á bifreiðastæði við Krónuna og fleiri verslanir á Akranesi og lagði henni á ská á bifreiðastæðinu. Þegar hann ók af stað aftur þá hafi hann ekið bifreiðinni upp á steiptan kant á bifreiðastæðinu, en hann hafi ekki séð kantinn þegar hann lagði bifreið sinni.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni á bifreið hans. Það hafi verið tréplata yfir umræddum kanti og því erfitt að sjá hann, starfsmenn X hafi ekki séð til þess að merkja kantinn nægilega. Starfsmenn X segist hafa sett keilur við kantinn en þær hafi verið fjarlægðar án vitneskju þeirra. M vísar til þess að X hafi bætt merkingar eftir tjón hans.

V telur ekki sýnt að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til aðstæðna sem X ber ábyrgð á, kanturinn sem M ók upp á hafi verið þess eðlis að gera hafi mátt kröfu til þeirra ökumanna sem áttu leið um bifreiðastæðið að þeir sæju hann.

Álit.

Í málinu eru myndir af vettvangi sem eru lýsandi um aðstæður á vettvangi. Verður ekki af þeim talið sýnt að X hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir varðandi merkingar en telja verður að kanturinn sé sýnilegum þeim sem aka um bifreiðastæðið með þeirri varúð sem ætlast er til af þeim sem aka um slík svæði. Ber X því ekki ábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 27. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.